

# Ársskýrsla / Erlend verkefni 2012-2013

## I. LEONARDO Menntaáætlun ESB - VERKEFNI

### A. Leonardo – Mobility

VMA fékk styrk að upphæð 22.632 evrur til tveggja ára fyrir nemendur í starfsmenntun að fara í starfsþjálfun til Evrópu. Styrkurinn á að duga til að senda 6 nemendur í sjúkraliðanámi í 3ja víkna starfsnám til Finnlands og Danmerkur og 4 nemendur af matvælabrautinni að fara í 2ja víkna starfskynningu til Finnlands. Seinna á skólaárinu fékk VMA viðbótarstyrk upp á 7.479 evrur sem dugar til að senda 3 sjúkraliðanemendur til Finnlands eða Danmerkur.

Í janúar 2013 fóru 3 nemendur af sjúkraliðabraut Verkmenntaskólans í starfsþjálfun til Randers í Danmörku og 3 nemendur af sjúkraliðabrautinni fóru til Lahti í Finnlandi.

### B. Leonardo – Preparatory Visit

Tveir kennarar fóru til útlanda í undirbúningsferð fyrir Leonardo-verkefni:

1. Hörður Óskarsson fór til Frakklands í október 2012 (ásamt starfsmanni frá Slipp) til að undirbúa verkefni sem snýst um að búa til myndefni um logsuðu. Samstarfsaðili í Bretlandi sótti um styrkina í febrúar 2013 og beðið er eftir svari hvort verkefnið hafi hlotið styrk.

2. Harpa Jörundardóttir fór í undirbúningsferð til Finnlands í desember 2012 til að undirbúa verkefni sem tengist verkmenntun námslega slakra nemenda. Samstarfsskóli VMA, Axxell Utbildning í Finnlandi sækir um styrkina. Beðið er eftir svari hvort verkefni hafi hlotið styrk en það er komið bréf frá Finnlandi þar sem Tanja Halttunen (verkefnisstjóri) skrifar að það sé mjög líklegt að verkefnið hljóti styrk.

Styrkupphæð fyrir Preparatory Visit er 1500 evrur á mann.

**C. Leonardo da Vinci yfirfærsluverkefnið WORK MENTOR** er tveggja ára verkefni sem hófst árið 2011. Verkefnið snýst um að mennta þá sem leiðbeina nemendum í starfsþjálfun. Jóhannes Árnason er verkefnisstjóri verkefnisins. Nokkrir kennarar VMA hafa tekið þátt í verkefninu.

Verkefninu lýkur með 'vinnustofu' á ráðstefnu um menntamál á Akureyri 4. október 2013.

[http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Work\\_Mentor](http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Work_Mentor)

### Styrkir (Leonardo-áætlun) fyrir næsta skólaár:

Í janúar 2013 sótti VMA um VETPRO styrk til að geta sent 6 stjórnendur til skóla í Hollandi og Danmörku til að kynna sér verknám sem 'lausn' fyrir námslega slaka nemendur. VMA fékk úthlutað 3.340 evrur fyrir 2 kennara til að fara í 'starfsþjálfun' í viku.

Einnig fær VMA 8.724 evrur fyrir 3 (sjúkraliða)nemendur til að fara í starfsþjálfun til Evrópu (Finnlands og Danmerkur).

## II. NORDPLUS-verkefni

### A. Nordic Mindfulness - the link between nature and health

er verkefni sem Ólafur Björnsson og Börkur Már Hersteinsson taka þátt í fyrir hönd VMA. Aðrir þátttakendur eru skólar í Svíþjóð, Noregi og Eistlandi. Skólarnir hafa unnið saman í verkefnum í nokkur ár og skipst á að halda utanum verkefni. Í raun eru tvö verkefni í gangi, annað er verkefni fyrir kennara og hitt fyrir nemendur. Það var reynt að 'sameina' þessi tvö verkefni til að halda ferðakostnaði í lágmarki. Nú er komið að VMA að halda utan um verkefni og í mars 2013 var sótt um styrk til að fara í 'framhaldsverkefni' með sömu þáttökendum.

Þetta skólaár hófst með að taka á móti gestum frá samstarfslöndunum (september 2012). Í janúar 2013 fóru Ólafur Björnsson og Sigríður Huld Jónsdóttir til Noregs og í apríl 2013 fór Börkur með 5 nemendum til Eistlands.

<http://nordicmindfulness.net/index.html>

### B. Enterprising Education

er verkefni sem viðskiptabraut VMA hefur tekið þátt í. Verkefnið snýst um að nemendur vinna saman að fyrirtækisáætlanum og auka hæfni í viðskiptum og erlendum málum. Samstarfslöndin eru Finnland, Svíþjóð, Lettland, Eistland og Lítáen.

Í september 2012 fór Katrín Harðardóttir ásamt 3 nemendum til Nyköping í Svíþjóð. Í nóvember 2012 fór Sunna Hlín Jóhannesdóttir ásamt 3 nemendum til Riga í Lettlandi. Í janúar 2013 fór Hilmar Friðjónsson ásamt 3 nemendum til Kaunas í Lítáen og í mars 2013 fór Leifur ásamt 3 nemendum til Haapsalu í Eistlandi.

Verkmenntaskólinn á Akureyri var gestgjafi í verkefninu í maí 2013.

<http://nordplus2012.blogspot.com/>

### C. Sharing good practices in vocational Training for automotive technology and transport

Á næstu skólaári tekur VMA þátt í Nordplusverkefni sem heitir "Sharing good practices in vocational Training for automotive technology and transport". Þáttökulöndin eru Eistland, Finnland og Ísland. Fyrsti fundurinn verður haldinn í Eistlandi í nóvember 2013.

## III. E-twinning verkefni

Marína Sigurgeirsdóttir og Annette J. de Vink fóru á E-twinning námskeið í Helsinki í ágúst 2013. Þær gerðu í framhaldi námskeiðsins heiðarlega tilraun til að taka þátt í tveimur E-twinning verkefnum en samstarfsaðilar á hinum norðurlöndum höfðu aldrei samband, svo verkefni fóru aldrei af stað.

## IV. Heimsóknir að utan

VMA tók á móti þó nokkrum gestum frá samstarfsskólum og öðrum áhugasömum kennurum/stjórnendum frá öðrum evrópulöndum.

a. Í september 2012 komu 2 sjúkraliðakennarar frá Svíþjóð í heimsókn til að kanna möguleika á starfsþjálfun fyrir sænska sjúkraliðanema á Akureyri. Þær heimsóttu VMA, Hlíð, Heilsugæslu Akureyrar, FSA og Kristnes.

b. Í október 2012 komu 4 kennarar frá Tech College í Álaborg í Danmörku í vikuheimsókn. Auk VMA heimsóttu þeir nokkur fyrirtæki (Slippur, Norðurorka, Hlíð, Stríkið) og stofnanir (Símei, Rósenborg, Fjölsmiðjan) á Akureyri.

c. Í janúar 2013 komu 2 sjúkraliðakennarar frá Hollandi í nokkurra daga heimsókn til að kynna starfi sjúkraliða á Íslandi og kanna möguleika á starfsþjálfun fyrir hollenska sjúkraliðanema á Akureyri. Þær heimsóttu VMA, Hlíð, Heilsugæsla Akureyrar, FSA og Kristnes.

d. Í apríl 2013 komu 7 stjórnendur frá samstarfsskólanum Axxell Utbildning ab í Finnlandi í nokkurra daga heimsókn til að kynna íslensku (verkmennta)skólakerfinu og starfi Verkmenntaskólans. Hópurinn fékk nokkrar brautarkynningar í VMA og svo var farið í nokkur fyrirtæki: Slippur, Hlíð og Símei.

## **V. Nemendur að utan í starfsþjálfun á Akureyri**

Vorönn 2013 hafa komið samtals 8 nemendur að utan:

Frá Randers: 4 sjúkraliðanemendur í mánaðar vinnu á Hlíð.

Frá Lahti: 2 sjúkraliðanemar í mánuð á Hlíð og 2 nemendur á ferðamálabraut: tvær stelpur komu í byrjun maí og unnu í mánuð hjá Saga Travel og Upplýsingamiðstöðinni í Hofi.

Svo kemur nemandi frá Axxell Utbildning ab í Finnlandi í starfsþjálfun á Backpackerhótel Akureyrar í september/október 2013.

***Annette J. de Vink***